



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

17.10.2018

Efni: Umsögn Fjölmenningarráðs um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál

Fjölmenningarráð fagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál. Fjöldi innflytjenda hefur aldrei verið jafn mikill á Íslandi og núna, en innflytjendur eru nú rúm 20% af öllum sem starfa á Íslandi. Þjónustu við þennan hóp er hins vegar verulega ábótavant á mörgum sviðum. Það er ólíðandi að enginn samræmd ráðgjöf sé í boði fyrir þá 25.207 erlenda ríkisborgara sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Vegna fjöldans núna kann að vera að við upplifum við ákveðna gjá í samfélaginu, þar sem hliðarsamfélag innflytjenda er að myndast með fólki sem býr ekki við sömu kjör, nýtur ekki sömu lífsgæða, ekki sömu tækifæra og svo sannarlega ekki sama aðgangi að upplýsingum um réttindi sín og þjónustu sem í boði er.

Eftir umræðu síðustu vikur um alvarleg brot á launafólki af erlendum uppruna er alveg ljóst að mikil þörf er fyrir upplýsingamiðlun á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir innflytjendur búa. Möguleikar núna að fá ráðgjöf eru mjög takmarkaðir, dreifðir eða ekki nógu vel þekktir. Fjölmenningarsetrið á Ísafirði sinnir mörgum mikilvægum verkefnum á sviðum stjórnsýslu, sveitarfélaga og ráðuneyta, sem og upplýsingasöfnun, og verðmæta þekkingu er þar að finna, en hún er ekki nógu aðgengileg og lítið þekkt meðal innflytjenda. Það starf getur aldrei leyst af hólmi persónulega ráðgjöf. Reynslan hjá Reykjavíkurborg hefur sýnt að þörfin sé mikil, en flestir innflytjendur sem leituðu sér aðstoðar þegar ráðgjöf var í boði greindu ekki á milli þjónustu eða ábyrgðarsviða sem eru í boði hjá ríkinu hins vegar og sveitarfélögum annars vegar.

Mjög mikilvægt er að gera sér grein fyrir sérstöðu innflytjenda og aðstöðumun í þeirri vinnu að láta þessa hugmynd um ráðgjafastöð verða að veruleika. Þegar fólk hefur ekki tengslanet og enga þekkingu á samfélaginu er afar mikilvægt að bjóða vettvang þar sem traust ríkir, sem allir þekkja og þjónusta sé aðgengileg. Þar af leiðandi teljum við afar brýnt að hafa náið samráð við hagsmunasamtök innflytjenda og einnig Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar við að útfæra starfið í samræmi við þarfir notenda.

Við fögnum því að í greinargerðinni sé vísað til stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólks¹ sem fjallar ítarlega um að efla þurfi samstarf milli sveitarfélaga, ríkis og allra þeirra stofnanna sem fara með málefni innflytjenda, hagsmunasamtök innflytjenda og aðila á vinnumarkaðnum. Slíkt samstarf er öllum til góðs eins og sjá má í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Sömuleiðis er ánægulegt að skýrslan „Greining á þjónustu við flóttafólk“² er lögð til grundvallar en þar eru hægt að finna afar vel unnar hugmyndir um heildstæða yfirferð á þjónustu ríkisins við innflytjendur.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim mikla fjársjóði sem íslensku samfélagi býðst þegar innflytjendur koma hingað, margir með verðmæta menntun og starfsreynslu í för með sér. Tíminn til að standa betur að þessum málaflokki og skapa réttlátara samfélag þar sem allri fái að njóta sín til fulls er ekki seinna en núna.

Virðingarfyllst,
formaður Fjölmenningsráðs
Sabine Leskopf

¹ <https://revkiavik.is/stefna-reykjavikurborgar-i-malefnum-innflytjenda-flottafolks-og-umsaekienda-um-althiodlega-vernd>

² <http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2015/09/A%C3%B0lo%CC%88gun-flo%CC%81ttafo%CC%81lks-Sky%CC%81rsla-lesin.pdf?fbclid=IwAR3YFsmT6xntQFv7I3-WUNvmZtBfNVp2gcqUOj9ZBBSsq3A6sXiUJdggNw>